

*Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum*

**Stofnunarúttekt**  
**Háskólinn á Hólum**  
**- Samantekt -**

Mars 2020



## Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um úttekt á Háskólanum á Hólum sem var gefin út á ensku þann 16. mars 2020<sup>1</sup>. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2<sup>nd</sup> Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnanaúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu Gæðaráðs íslenskra háskóla ([www.qef.is](http://www.qef.is)).

Dr. Andrée Sursock  
Formaður Gæðaráðs

Dr. Sigurður Óli Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri Gæðaráðs

---

<sup>1</sup> Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á [www.qef.is/qef-review-reports/QEF2-Holar-IWR-Report-for-website.pdf](http://www.qef.is/qef-review-reports/QEF2-Holar-IWR-Report-for-website.pdf)

# Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

Crichton Walker Lang, formaður úttektarhópsins. Rektor, *University of the Highlands and Islands*, Skotlandi.

Ágot Aakra. Sviðsstjóri, *Norwegian University of Life Sciences*, Noregi.

Teitur Erlingsson, fulltrúi stúdenta. Fyrirverandi varaforseti Landssamtaka íslenskra stúdenta.

Susan Hunter. Fyrirverandi Rektor, *University of Maine*, B.N.A.

Kerstin Norén. Fyrirverandi prófessor, *University of Gothenburg*; fyrirverandi Rektor, *University College West*; og fyrirverandi Rektor, *Karlstadt University*, Svíþjóð.

## 1. Um úttektina

Stofnunarúttekt á Háskólanum á Hólum fór fram í nóvember 2019 þegar úttektarhópurinn sótti skólann heim, og skýrsla um þá úttekt birtist á ensku þann 16. mars 2020. Háskólinn lagði fram sjálfsmatskýrslu sem lið í undirbúningi heimsóknarinnar þann 10. september 2019. Háskólinn stefnir að því að hrinda í framkvæmd sjálfsmati faglegra eininga haustið 2020. Í fyrstu lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum var stofnunarúttekt Háskólans á Hólum framkvæmd árið 2013 og sjálfsmat faglegra eininga fór fram árin 2014-2015.

Þessi úttekt var framkvæmd í samræmi við handbók gæðaráðs um rammaáætlun um eflingu gæða (2. útgáfa) sem kom út árið 2017<sup>2</sup>. Einnig tók úttektarhópurinn tillit til krafna og leiðbeininga fyrir gæðamat á sviði æðri menntunar í Evrópu (e. *Standards and guidelines for quality assurance in the European Higher Education Area*)<sup>3</sup>.

## 2. Samantekt niðurstaðna

### 2.1. Almenn samantekt

Úttektarhópurinn þakkar rektor, stjórn Háskólans á Hólum, starfsfólki og nemendum fyrir góðar móttökur á meðan á úttektinni stóð. Samræður á meðan á heimsókninni stóð voru uppbyggilegar, og viðmælendur hópsins voru án undantekninga jákvæðir, hreinskilnir og áhugasamir um að koma til skila skoðun sinni á hvernig skólinn nálgast gæðastjórn og veita hjálpleg dæmi.

---

<sup>2</sup> [www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf](http://www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf)

<sup>3</sup> [www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG\\_2015.pdf](http://www.gef.is/publications-and-resources/useful-resources/ESG_2015.pdf)

Sjálfsmatsskýrsla Háskólans á Hólum gaf mynd af þróttmikilli starfsemi í háskóla sem er umhugað um að marka sér ákveðna sérstöðu í íslensku háskólaumhverfi. Einnig var sjálfsmatsskýrslan til vitnis um þær umbætur sem skólinn hefur innleitt í kjölfar fyrstu stofnunarúttektarinnar árið 2013 og sjálfsmats faglegra eininga á árunum 2014-2015. Í heimsókn úttektarhópsins komu fram upplýsingar sem voru mjög í samræmi við þær upplýsingar sem skólinn setti fram í sjálfsmatsskýrslu sinni, og gerði það úttektarhópnum kleift að dæma um traust á gæðastarfi skólans (sjá kafla 2.4 og 2.5 að neðan).

Úttektarhópurinn sá fjölmargt, m.a. í heimsókn sinni til skólans, sem var til vitnis um styrka umgjörð rannsókna við skólann, sem endurspeglast í eflingu rannsóknastarfs síðan skólinn var síðast tekinn út árið 2013. Almennt má segja að úttektarhópurinn telji Háskólann á Hólum hafa markað sér sérstöðu í ljósi styrkleika sinna og vinni að markmiðum sínum með virkri þátttöku ýmissa hagaðila.

## 2.2. Samantekt á styrkleikum

- Innleiðing rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum hefur tekist vel hjá Háskólanum á Hólum, sem endurspeglast til dæmis í markvissri þátttöku starfsfólks og stúdenta í skrifum sjálfsmatsskýrslunnar fyrir þessa úttekt.
- Sjálfsmynd Háskólans á Hólum er sterk og góður liðsandi ríkir innan háskólasamfélagsins. Til dæmis staðfestu fulltrúar brautskráðra stúdenta að gildi skólans hefðu verið í hávegum höfð á meðan á skólagöngu þeirra stóð.
- Mikil þátttaka hagsmunaaðila og fulltrúa tengdra atvinnugreina í skólastarfinu, ásamt sterkum tengslum við nærsamfélagið, styður við rannsóknir, þróun náms og reynslu stúdenta af námi sínu.
- Góðir möguleikar stúdenta til að fá atvinnu eftir útskrift, sem er í takt við áherslur skólans á verknám og verkefni með tengingu við atvinnulífið.
- Mörg dæmi eru um að endurgjöf stúdenta hafi leitt til breytinga á námi.
- Stuttar boðleiðir og skjót ákvarðanataka.

- Námsráðgjafi sem hefur á tiltölulega skömmum tíma gert sig sýnilegan og aðgengilegan nemendum. Verkefnastjóri kennslusviðs og starfsfólk þjónustuborðs eru einnig í miklum metum hjá stúdentum.
- Verulegur árangur hefur náðst í starfsþróunarmálum frá síðustu úttekt stofnunarinnar, sérstaklega hvað snertir rannsóknir og umgjörð rannsókna.
- Rannsóknarnefnd og rannsóknarsvið eru skipuð fólki sem er meðvitað um alþjóðlega strauða og stefnur rannsókna í háskólum.
- Margvísleg rannsóknastarfsemi, sem er eftirtektarverð í ljósi stærðar háskólans.
- Mikilvæg samvinna í námskrárþróun námsleiða sem endurspeglast í tveimur sameiginlegum norrænum meistaraþráðum við fiskeldis- og fiskalíffræðideild og ferðamáladeild, og í samvinnu við tvo aðra íslenska háskóla í gegnum Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Skólinn hefur sett sér viðeigandi jafnréttisstefnu og það eru sterkar vísbendingar um að jafnrétti sé virkur þáttur í starfsemi háskólans.
- Stjórn háskólans er skipuð fólki sem hefur mikinn áhuga á að gera veg hans sem mestan, og stjórnin veitir rektor virkan stuðning.

### 2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- Auka áherslu á formfestu í daglegum rekstri háskólans og einstakra deilda, eftirfylgni aðgerðaáætlana og innra eftirlit með því að farið sé eftir reglugerðum skólans.
- Skilgreina aðkomu kennslu- og framhaldsnámssviða, að miðlægrri stjórnsýsu háskólans betur, og að þátttaka þessara sviða í ákvarðanatöku sé skýrari.
- Efla miðlæga innviði til að létta á því mikla álagi sem er á deildarskrifstofum og einstökum starfsmönnum hvað snertir stjórnsýslulega ábyrgð og ráðgjöf til stúdenta.
- Skoða mögulegan ávinning af því sviðsstjóri framhaldsnámssviðs sitji í rannsóknarnefnd skólans til að tryggja að rannsóknir séu teknar skýrar með í reikninginn í námsskrám námsleiða á framhaldsstigi.

- Þróa víðtækari árangursvísa um ánægju nemenda og námsumhverfi og nýta þá í stjórnun skólans.
- Grípa til markvissra aðgerða til að rödd stúdenta í öllum deildum og árgöngum heyrst betur, og leita formlegra og óformlegra leiða til að auka samheldni í stúdentahópnum.
- Auka samræmi í meðferð viðkvæmra trúnaðarmála og umkvartana nemenda, og hvernig þeim er vísað í farveg á faglegan og öruggan hátt.
- Efla markaðssetningu Háskólans á Hólum og bæta sýnileika hans á landsvísu, með áherslu á áhrif rannsókna og kennslu.
- Auka áherslu á þverfaglegar rannsóknir og kennslu.
- Notaða árangursvísa meira í daglegum rekstri háskólans, og setja þá fram á mælaborði árangursvísa með tengingu við stefnu skólans.
- Auka bolmagn til að þróa og bæta fjarnám og upplýsingatækniþjónustu til hagsbóta fyrir nemendur og starfsfólk, sem einnig auðveldar frekari þróun námskráa fyrir námsleiðir.
- Auka stofnanalegan stuðning við rannsóknir, samanber þegar tilkomið skipulag námsleyfa fyrir akademíska starfsmenn.

#### 2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans á Hólum til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir.

#### 2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Háskólans á Hólum til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum.